

81 hafi neitað að borga kostnaðinn við þessa vegabót úr bæjarsjóði, af því að hún áleit, 27. ágúst. að þarsem vegabótin væri gjörð á aðalpósthvegi, ætti kostnaðurinn af henni samkvæmt lögum um vegi 10. nóvbr. f. á., 3. gr., að greiðast úr landssjóði, og hafið þjer beiðst úrskurðar míns um, hvort áminnztur vegabótakostnaður verði greiddur úr landssjóði ellegar hann skuli borgast úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að eins og það aldrei hefur verið álitid neinum vafa undirorpið, smbr. dómsmálastjórnarbrjef 10. júlí 1863, að vegatilskipun 15. marz 1861, og vegalög 15. október 1875 næðu ekki til Reykjavíkur kaupstaðar, eins verð jeg að ætla, að hið sama sje um vegalögin 10. nóvbr. f. á., sem eru komin í stað fyrnefndrar tilskipunar og laga, og að því sjerstaklega snertir aðalpósthvegi, virðist það vera augljóst, að ákvæði laganna um þá eigi aðeins við um aðalpósthvegina fyrir utan kaupstaðina, svo er um ákvæði 3. gr., að aðalpósthvegir sjeu undir umsjón amtsráðanna, ákvæði 6. gr., að landshöfðingi ákveði eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpósthleið skuli liggja um hjerað hvert, og ákvæði 8. gr., að sýslunefndir skuli ráða verkmenntil vegagjörða á aðalpósthleiðum, en bæjarstjórna er hvergi getið. Með því að Reykjavíkur kaupstaður þannig að ætlun minni, eins eptir að optnefnd lög 10. nóvember f. á. öðluðust gildi eins og fyrri, á að bera allan kostnað við vegagjörðir í umdæmi sínu, verður kostnaður sá við vegabót á Öskjuhlíðarveginum, sem hjer ræðir um, ekki greiddur úr landssjóði.

82 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um al-
31. ágúst. þingismannskosningu í Norðurmúlasýslu. — Með því að 1. alþingismaður Norðurmúlasýslu, sýslumaður Einar Thorlacius, hefur sagt af sjer alþingismennsku, vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, með skýrskotun til 27. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, að hlutast til um að kosning fari fram hið fyrsta á alþingismanni fyrir Norðurmúlasýslu um kjörtíma þann, er Einar sýslumaður Thorlacius átti eptir.

Ef því verður við komið með hægu móti, ætti kosningin að fara fram þegar í haust, en að öðrum kosti eigi fyr en að vori, þó eigi síðar en 1. júní 1889.

83 Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu
13. ágúst. um reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum. — Með brjefi þessu staðfesti landshöfðingji nýja reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum, er sýslunefndirnar í Múlasýslunum höfðu samið en amtsráð norður og austuramtsins gjört nokkrar breytingar og viðauka við.

84

Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbankans árið 1887, eins og hann er úrskurðaður af landshöfðingja 10. septbr. 1888.

	Tekjur.	Kr.
1. Í sjóði 31. desbr. 1886		17525,03
		Flyt 17525,03